



Allsherjar- og menntamálanefnd  
Skrifstofa Alþingis  
101 Reykjavík

## DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 20. október 2022  
Tilv.: DMR22080160/10.1

Efni: Beiðni um breytingu á frumvarpi til laga um landamæri


Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 18. október sl. tilkynntu fulltrúar dómsmálaráðuneytisins, sem þar voru að kynna frumvarp dómsmálaráðherra til laga um landamæri, sbr. þingskjal 213 – 212. mál, að gera þyrfti eina breytingu á frumvarpinu í meðförum þingsins. Nánar tiltekið lýtur umrædd breyting að 2. tölul. f-liðar 1. tölul. 25. gr. frumvarpsins sem fjallar um lengd endurkomubanna.

Eins og nánar er rakið í umræddu ákvæði frumvarpsins er þar m.a. lagt til að endurkomubann geti verið varanlegt í ákveðnum tilvikum. Er það í samræmi við 2. mgr. 101. gr. gildandi laga um útlendinga. Í maí sl. fór fram úttekt á vegum föstu eftirlitsnefndarinnar með Schengen-samstarfinu um innleiðingu og framkvæmd íslenskra stjórnvalda á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB um sameiginleg viðmið og skilyrði fyrir brottvísun og endursendingum ríkisborgara utan EES sem dveljast ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna (brottvísunartilskipunin). Ísland er bundið af tilskipuninni vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu og hefur hún verið innleidd í íslenskan rétt með lögum um útlendinga og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Í drögum að skýrslu föstu eftirlitsnefndarinnar vegna úttektarinnar er gerð athugasemd við það að endurkomubann geti verið varanlegt skv. 2. mgr. 101. gr. gildandi laga um útlendinga. Telur úttektarnefndin að slíkt ákvæði samræmist ekki ákvæðum tilskipunarinnar eins og henni hefur verið túlkað af Evrópuþingsmálaráðgjafum.

Að þessu virtu og með hliðsjón af skuldbindingum Íslands á grundvelli Schengen-samstarfsins telur ráðuneytið nauðsynlegt að orðin „eða verið varanlegt“ í 2. másl. 2. tölul. f-liðar 1. tölul. 25. gr. frumvarpsins falli brott. Ekki er talin þörf á að breyta texta í greinargerð frumvarpsins eða í skýringum við 25. gr. þess.

Fyrir hönd ráðherra

  
Gunnlaugur Geirsson

  
Kristín Una Pétursdóttir